

Akureyri 14. janúar 2014.

Ágætu foreldrar barna fædd árið 2008.

Brekkskóli er í samstarfi við leikskólann Hólmasól um undirbúning skólabyrjunar nemenda fædd árið 2008 í grunnskóla. Foreldrar úr öðrum leikskólum en Hólmasól hafa haft samband og óskað eftir að fá upplýsingar um heimsóknir samstarfsleikskóla til okkar, vegna barna sinna sem þeir hyggjast innrita í Brekkuskóla.

Við viljum verða við þessari beiðni og sendum því hér upplýsingar um fyrirhugaðar heimsóknir Hólmasólar í Brekkuskóla þar sem nemendur úr öðrum leikskólum eru velkomnir á sama tíma ef foreldrar hafa í huga að innrita þau hér. **Tekið skal fram að heimsóknir barna af öðrum leikskólum en Hólmasól eru í höndum foreldra.** Foreldrar sem óska eftir að fá að koma í heimsóknirnar með börn sín eru beðnir um að fylla út meðfylgjandi eyðublað eða senda sambærilegar upplýsingar á beggath@akureyri.is. Foreldrar af sama leikskóla hafa stundum tekið sig saman um að koma með nemendur í heimsóknirnar.

Við bendum á að einnig er boðið upp á vorskóla í maí fyrir öll innrituð börn sem eru að hefja grunnskólagöngu hjá okkur, en vorskólinn er hugsaður til að koma til móts við þessa nemendur enn frekar í skólaaðlöguninni.

Skipulag heimsókna og vorskóla 2014.

Heimsóknir leikskólabarna í Brekkuskóla:

1. Heimsókn

- * **16. janúar** fara nemendur frá **Hólmasól** í Brekkuskóla.

Tími **9:15** frímínútur eru 10-10:40.

Bergþóra aðstoðarskólalastjóri eða staðgengill hennar mun taka á móti börnunum, hún sýnir þeim húsnæði og aðbúnað í skólanum. Bryndís forstöðukona Frístundar mun sýna börnunum húsnæði Frístundar. Börnin fá ávaxtabita. Áætluð heimferð er um **kl.10:40**.

- * **23. janúar** fara væntanlegir nemendur frá **Hólmasól** og **frá öðrum leikskólum** í Brekkuskóla. (Passi þessi tími illa fyrir börn frá öðrum leikskólum er sjálfsagt að taka á móti þeim 16. janúar með hinum hópnum frá Hólmasól).

Tími **9:15** frímínútur eru 10-10:40.

Bergþóra aðstoðarskólalastjóri eða staðgengill hennar mun taka á móti börnunum, hún sýnir þeim húsnæði og aðbúnað í skólanum. Bryndís forstöðukona Frístundar mun sýna börnunum húsnæði Frístundar. Börnin fá ávaxtabita. Áætluð heimferð er um **kl.10:40**.

2. Heimsókn

- * **16. og 20. mars** fara nemendur frá **Hólmasól** í Brekkuskóla.

Mæting er **kl. 10:30**. Börnin fara í kennslustund (verður dreift á 3 stofur) Eftir kennslustund fara þau saman í mat og að lokum í frímínútur ef vill til kl.12:10.

3. Heimsókn í íþróttatíma

- * **Í apríl** fara nemendur frá Hólmasól og nemendur frá öðrum leikskólum sem stefna í Brekkuskóla í íþróttatíma í Laugargötuíþróttahús. **Nánar síðar.**

Börnin fara í íþróttatíma í Laugargötu. Leikskólakennarar taka á móti nemendum í íþróttahúsinu Laugargötu og aðstoða íþróttakennara.

Vorskóli í maí.

- * **5. og 6. maí.**
Mæting er **kl. 14:00- 16:00.** Bergþóra skrifar annað bréf til foreldra sem leikskólarnir afhenda þeim foreldrum sem innritað hafa barn sitt í Brekkuskóla. Í bréfinu er boð til foreldra og barna um að koma í Brekkuskóla og kynnast húsnaði og vinna verkefni með væntanlegum kennurum. Það er alfarið í höndum foreldra að sjá til þess að koma börnum sínum til og frá vorskóla.

Allar almennar upplýsingar um Brekkuskóla er að finna á www.brekkuskoli.is
Einnig veitum við fúslega upplýsingar í síma 462-2525

Sjáumst í skólanum!
Með vinsemd;
Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólástjóri

Klippað

Nafn barns: _____

Foreldrar: _____

Heimili: _____

Sími/gsm: _____

Nafn leikskóla: _____

Óskum eftir að barnið fái að heimsækja Brekkuskóla. Við munum sjá til þess að koma barninu í heimsóknirnar, vera á staðnum ef barnið þarf á því að halda, sækja þau í lok heimsóknar og koma þeim aftur á leikskólann ef svo ber undir.

Undirskrift foreldris/forráðamanns

Undirskrift foreldris/forráðamanns